

Kirkjuþing 2021-2022.

50. mál - þskj. 82

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2021).

Flutt af fjárhagsnefnd.

Frsm. Gísli Gunnarsson

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir eftirfarandi breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.

1. gr.

13. gr. starfsreglnanna hljóðar svo:

Embættisbústaðir skulu lagðir til í samræmi við 1. og 2. tl. fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.

Embættisbústaður er að jafnaði lagður til í prestakalli þar sem búa færri en 500 manns í þéttbýliskjarna. Nú búa fleiri en 500 manns í þéttbýliskjarna prestakalls og getur kirkjuþing þó samþykkt að embættisbústaður skuli lagður til í eftirfarandi tilvikum:

- að staðhættir eða aðstæður á fasteignamarkaði réttlæta slíkt,
- að söguleg eða menningarleg rök þykja mæli með því.

Nú búa færri en 500 manns í þéttbýliskjarna prestakalls og getur þá kirkjuþing þó ákveðið að ekki skuli lagður til embættisbústaður þar, ef sérstök rök mæla með því, s.s. að prestakall sé í nálægð við fjölmennari þéttbýlisstaði eða til að gæta samræmis innan sömu landsvæða.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, taka gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

Greinargerð.

Hér er lagt til að viðmið um íbúafjölda í þéttbýliskjörnum prestakalla þar sem lagðir eru til embættisbústaðir verði almennt lækkað úr 1500 manns í 500 manns. Þó verði áfram ákveðnar heimildir veittar til að víkja frá þeirri meginreglu þar sem sérstakar aðstæður ríkja eins og fram kemur í orðalagi greinarinnar.